

Siðareglur Hölds

Tilgangur og umfang

Höldur ehf. hefur sett sér stefnu í sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð og fyrirtækið leggur áherslu á að starfsemin sé í sátt við samfélagið og umhverfið í heild. Siðareglum Hölds er ætlað að stuðla að góðum og heilbrigðum viðskiptaháttum, heiðarleika og gegnsæi í allri starfsemi fyrirtækisins. Þær eru leiðbeinandi þegar siðferðisleg álitamál koma upp í starfi og er þannig ætlað að koma í veg fyrir hvers kyns hagsmunaarekstra sem haft geta neikvæð áhrif á orðspor fyrirtækisins. Hafa ber í huga að siðareglurnar eru þó ekki tæmandi lýsing á athöfnum, hegðun eða öllum þeim siðferðislegu álitaefnum sem upp geta komið. Starfsfólk þarf að meta aðstæður hverju sinni og byggja ákvárdanir sínar á almennri dómgreind og virðingu. Við komum fram af virðingu, sanngirni og heiðarleika í öllum samskiptum og byggjum þannig traust milli félagsins, viðskiptavina, starfsmanna, birgja, stjórvalda og annara hagsmunaaðila.

Siðareglur þessar eiga við um allt starfsfólk, stjórn og aðra þá sem koma fram í nafni Hölds.

Góðir viðskiptahættir

Góðir og ábyrgir viðskiptahættir, virðing og hlítинг laga og reglugerða er þau grunngildi sem verklag félagsins byggir á og við viðhöfum í öllum okkar störfum og samskiptum. Við forðumst samskipti, athafnir og viðskipti þar sem siðferðileg álitaefni kunna að koma upp.

- Við störfum samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.
- Við vinnum í samræmi við þær reglu og verklag sem fyrirtækið setur og samkvæmt almennum siðferðilegum viðmiðum í viðskiptum.
- Við ástundum heiðarlega og virka samkeppni og öflum hvorki né miðlum, viðskiptalegum upplýsingum um samkeppnisaðila okkar á ólöglegan eða villandi hátt

Vinnustaðurinn

Höldur leggur áherslu á vellíðan og heilbrigði starfsfólks í starfsumhverfi sem byggir á jafnrétti, öryggi, heilindum og virðingu.

- Í sameiningu byggjum við góða liðsheild, tökum tillit til ólíkra sjónarmiða og sýnum hvort öðru umburðarlyndi, virðingu og sanngirni.
- Við stuðlum að jafnrétti og uppbyggilegum samskiptum og líðum ekki einelti, kynferðislega áreitni, ofbeldi eða annað óréttlæti, né mismunun vegna ómálefnaalegra þátta eins og kynferðis, kynþáttar, trúar eða kynhneigðar.
- Við virðum mannréttindi, og barnaþrælkun, nauðungarvinna og önnur mannréttindabrot eru ekki liðin í starfsemi Hölds og sama krafa er gerð til samstarfsaðila, birgja og annara hagsmunaaðila.
- Við upplýsum yfirmenn okkar samstundis um það ef við verðum vör við einelti, ofbeldi, mannréttindabrot eða annað óréttlæti.
- Við vinnum störf okkar með öryggi og heilbrigði að leiðarljósi og stuðlum þannig í sameiningu að öruggum og slysalausum vinnustað.

Samskipt og orðspor

Orðspor Hölds er ein dýrmætasta eign félagsins og við gætum ávallt að orðspori Hölds í samskiptum innan og utan vinnu, þar með talið við notkun okkar á samfélagsmiðlum.

- Við leggjum áherslu á jákvæð, heiðarleg og uppbyggileg samskipti.

- Við höldum tryggð við markmið og orðspor Hölds og gætum þess að gjörðir okkar og orð, hafi ekki neikvæð áhrif á fyrirtækið eða orðspor þess.
- Við forðumst samskipti og viðburði þar sem siðferðileg álitaefni kunna að koma upp.
- Í samskiptum okkar við mögulega samkeppnisaðila, gætum við þess að deila ekki trúnaðarupplýsingum sem gætu haft áhrif á samkeppni milli aðila.
- Forstjóri og framkvæmdastjóri eru talsmenn fyrirtækisins og við vísum öllum fyrirspurnum og samskiptum við fjölmíðla til þeirra. Annað starfsfólk kemur ekki fram eða talar fyrir hönd félagsins t.d. í fjölmíðlum nema í umboði forstjóra eða framkvæmdastjóra.

Hagsmunaárekstrar

- Við högum störfum okkar og gjörðum þannig að persónulegir hagsmunir hafi ekki áhrif á störf okkar og drögum þannig úr hættu á hagsmunaárekstrum og siðferðilegum álitaefnum.
- Við bjóðum hvorki né tökum á móti gjöfum eða öðru því sem ætla má að hafi þann tilgang að hafa óeðlileg áhrif á viðskiptalegar ákvarðanir eða óhlutdrægni starfsmanna, fyrirtækisins eða þriðja aðila.
- Við mismunum ekki viðskiptavinum, birgjum eða öðrum aðilum á ólögmætum eða ómálefnalegum forsendum.
- Við látum aldrei fjárhagslega eða persónulega hagsmuni okkar eða þeirra sem eru okkur nákomin hafa áhrif á störf okkar.
- Við tilkynnum næsta yfirmanni, framkvæmdastjóra eða forstjóra án tafar ef við teljum okkur hafa grun um óreiðu, mistök eða annað það sem gæti falið í sér ólögmætt athæfi, siðferðislegt vafamál eða annan hagsmunaárekstur.
-

Upplýsingaöryggi og trúnaður

Við vöndum alla meðferð upplýsinga og gætum nauðsynlegs trúnaðar og nýtum aldrei eða afhendum trúnaðarupplýsingar sem við fáum eða höfum aðgang að í störfum okkar í eigin þágu eða annara aðila. Við gætum að persónuvernd og högum störfum okkar og meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum.

- Við fylgjum ávallt lögum um persónuvernd og söfnum aðeins persónuupplýsingum í lögmætum og viðskiptalegum tilgangi.
- Við sýnum aðgát í meðhöndlun, dreifingu og geymslu trúnaðar-og persónuupplýsinga hvort sem þær eru á rafrænu formi, á pappír eða í munnlegum samtölum eða öðru formi.
- Við nýtum ekki í eigin þágu eða þágu annara aðila, upplýsingar sem við öðlumst í starfi okkar.
- Við fylgjum reglum og skráðu verklagi fyrirtækisins er varðar upplýsinga-og netöryggi.

Eigur Hölds

Höldur leggur áherslu á hagkvæma og ábyrga nýtingu fjármagns.

- Við förum vel með og berum virðingu fyrir fjármunum, bifreiðum og öðrum verðmætum fyrirtækisins sem við notum eða er trúð fyrir í störfum okkar.
- Við tökum ekki, notum eða afhendum eigur eða fjármuni Hölds í þágu einkahagsmunu nema sérstaklega hafi verið um það samið.
- Við nýtum aldrei eigur eða aðra fjármuni fyrirtækisins í ólögmætum tilgangi.